



HAFNARFJÖRÐUR

# **LYKILHÆFNIVIÐMIÐ í 1.-10. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar**

Í skólanámskrár grunnskólanna fyrir alla fimm lykilþættina frá hausti 2014

Unnið af starfshópi um lykilhæfni – í samráði við stjórnendur og kennara grunnskólanna



Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar  
**NÓVEMBER 2013**

## Lykilhæfni fyrir GRUNNSKÓLA HAFNARFJARÐAR

Ath! **Rauður** og **blár** litur eru til að auðvelda samlestur hæfniviðmiða milli árganga

### 1. – 4. bekkur: Lykilhæfniviðmið Hafnarfjörður

Lykilþáttur	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur AÐALNÁMSKRÁ
TJÁNING OG MIÐLUN	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• talað fyrir framan hóp</li> <li>• hlustað á aðra í hópi án þess að grípa frammi</li> <li>• tjáð sig um viðfangsefni sem eru í umræðunni</li> <li>• sagt frá hugsunum sínum og skoðunum</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð hugsanir sínar fyrir framan hóp</li> <li>• hlustað á aðra í hópi og meðtekið upplýsingar</li> <li>• tekið virkan þátt í umræðum þegar við á</li> <li>• komið þekkingu sinni á framfæri eins og við á hverju sinni</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð hugsanir og skoðanir sínar fyrir framan hóp</li> <li>• hlustað á aðra og áttað sig á skoðunum og hugmyndum annarra</li> <li>• notað einfaldan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni og tekið tillit til mismunandi viðmælenda</li> <li>• komið þekkingu sinni, skoðunum og hugsunum á framfæri eins og við á hverju sinni</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt</li> <li>• hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum</li> <li>• lagað tjáningu sína að viðmælendum og notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefninu hverju sinni</li> <li>• gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum, tilfinningum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni</li> </ul>
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið verkefni eftir munnlegum fyrirætlum</li> <li>• metið eigin verk út frá fyrirfram gefnum þáttum</li> <li>• gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefnum og í lagi að gera mistök</li> <li>• gert sér grein fyrir hvað eru staðreyndir</li> <li>• skoðað viðfangsefni út frá ólíkum hliðum</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið eftir einföldum verk-lýsingum</li> <li>• metið eigin verk og annarra út frá fyrirfram gefnum þáttum, t.d. með aðstoð gátlista</li> <li>• gert sér grein fyrir að oft er til fleiri en ein rétt lausn á verkefni og í lagi að gera mistök</li> <li>• gert sér grein fyrir að munur er á staðreyndum og skoðunum</li> <li>• fundið úrlausn á raunhæfu viðfangsefni með leiðsögn</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið sjálfstætt eftir verk-lýsingu við úrlausn verkefna</li> <li>• metið eigin verk og annarra út frá fyrirfram gefnum þáttum, t.d. með aðstoð gátlista og gert áætlun um úrbætur</li> <li>• gert sér grein fyrir að oft eru fleiri en ein rétt lausn og að læra má af mistökum</li> <li>• gert sér grein fyrir að munur er á staðreyndum og skoðunum</li> <li>• endurskoðað úrlausn viðfangsefnis með leiðsögn</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skipulagt efnistöð og aðferðir við úrlausn verkefna</li> <li>• tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur</li> <li>• gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta á skapandi hátt</li> <li>• greint milli staðreynda og skoðana</li> <li>• endurskoðað úrlausn viðfangsefna frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt</li> </ul>

<b>SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA</b>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið eftir einföldum fyrirmælum í máli og myndum</li> <li>• gert sér grein fyrir hvað hugtakið styrkleiki merkir</li> <li>• unnið með öðrum í litlum hópum</li> <li>• tekið að sér ákveðið hlutverk með leiðsögn kennara</li> <li>• hlustað á leiðsögn kennara</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið eftir fyrirmælum og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum</li> <li>• þekkt nokkra styrkleika hjá sjálfum sér</li> <li>• unnið með öðrum í stórum og litlum hópum</li> <li>• borið ábyrgð á ákveðnu hlutverki með leiðsögn kennara</li> <li>• nýtt sér leiðsögn</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið eftir fyrirmælum og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum</li> <li>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum</li> <li>• unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi</li> <li>• borið ábyrgð á ákveðnu hlutverki í samstarfi</li> <li>• nýtt sér leiðsögn á uppbyggilegan hátt</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á</li> <li>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum</li> <li>• unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla</li> <li>• tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu</li> <li>• tekið leiðsögn á jákvæðan hátt</li> </ul>
<b>NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA</b>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• leitað sér upplýsinga munnlega í sínu nánasta umhverfi</li> <li>• gert grein fyrir ólíkum miðlum til upplýsingaöflunar</li> <li>• þekkt nokkrar einfaldar reglur um netnotkun</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• leitað sér upplýsinga úr einföldum rituðum heimildum</li> <li>• nýtt upplýsingar og heimildir með stuðningi</li> <li>• þekkt grunnreglur um netnotkun</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• leitað upplýsinga í ólíkum miðlum með leiðsögn</li> <li>• nýtt upplýsingar og heimildir við eigin verkefnasköpun</li> <li>• skilið og nýtt sér grunnreglur um netnotkun</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum</li> <li>• notað miðla nokkuð sjálfstætt við nýsköpun, hugmyndavinnu og kynningu efnis</li> <li>• sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og verið meðvitaður um gildi ábyrgðar netnotkunar</li> </ul>
<b>ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI</b>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið hvað felst í að meta eigin frammistöðu</li> <li>• skilið hvað námsmarkmið eru</li> <li>• stuðst við einfaldar aðferðir til að skipuleggja eigið nám</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• metið jákvæða þætti í eigin frammistöðu í námi</li> <li>• skilið hvenær námsmarkmiðum er náð</li> <li>• tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með leiðsögn</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum</li> <li>• séð hvenær hann hefur náð markmiðum í námi</li> <li>• tekið þátt í að skipuleggja eigið nám</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar hann getur gert betur í námi</li> <li>• sett sér með aðstoð markmið í námi</li> <li>• tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár</li> </ul>

## Viðmið um lykilhæfni fyrir Hafnarfjörð

Ath! **Rauður** og **blár** litur eru til að auðvelda samlestur hæfniviðmiða milli árganga

### 5. -7. bekkur: Lykilhæfniviðmið Hafnarfjörður

Lykilþáttur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur AÐALNÁMSKRÁ
TJANING OG MIÐLUN	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð hugsanir og tilfinningar sínar og sett þær fram eins og á við hverju sinni</li> <li>verið virkur hlustandi og tekið tillit til skoðana annarra</li> <li>notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni</li> <li>skipulega og á skýran hátt gert grein fyrir skoðunum sínum, hugsunum, tilfinningum og þekkingu eftir því sem við á hverju sinni</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð hugsanir sínar og tilfinningar á skipulegan hátt</li> <li>verið virkur hlustandi, meðtekið upplýsingar og rökstutt mál sitt á einfaldan hátt</li> <li>lagað framsetningu sína að umræðuefni og notað viðeigandi hugtök og orðaforða</li> <li>miðlað skýrt eigin þekkingu, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð hugsanir sínar og tilfinningar á skipulegan hátt með ýmsum miðlum</li> <li>hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða</li> <li>tekið mið af og lagað framsetningu sína að kröfum eða þörfum viðmælenda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengjast umfjöllunarefni hverju sinni</li> <li>gert vel grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni</li> </ul>
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>sett fram einfalda áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna með leiðsögn</li> <li>búið til viðmið með stuðningi sem hjálpa til að bæta eigin árangur í námi</li> <li>nýtt sér mismunandi aðferðir við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum</li> <li>áttað sig á að túlkun upplýsinga getur verið mismunandi og sé til rökræðu</li> <li>greint hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>sett fram einfalda áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna án aðstoðar</li> <li>búið til viðmið sem hjálpa til að bæta eigin árangur í námi</li> <li>lært af mistökum og nýtt sér niðurstöður við úrlausn verkefna</li> <li>skoðað upplýsingar á gagnrýnan hátt og stutt skoðanir sínar með einföldum rökum</li> <li>greint og kynnt hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna</li> <li>skilgreint viðmið um árangur</li> <li>lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna</li> <li>áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum</li> <li>vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt</li> </ul>

<b>SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA</b>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið leiðbeiningum um hvernig haga beri námi sínu og störfum og borið ábyrgð á eigin vinnubrögðum</li> <li>• gert sér grein fyrir styrk sínum í leik og námi</li> <li>• unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum með stuðningi sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla á jákvæðan hátt</li> <li>• gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi</li> <li>• tekið virkan þátt í skólasamfélaginu á jákvæðan hátt</li> <li>• tekið leiðsögn og skilið hvað felist í uppbyggilegri gagnrýni</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og borið ábyrgð á eigin vinnubrögðum</li> <li>• gert sér grein fyrir styrk sínum í leik og námi og byggt upp jákvæða sjálfsmynd</li> <li>• unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast nám og félagsstarfi innan skóla á jákvæðan hátt</li> <li>• gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og verið virkur félagslega</li> <li>• haft áhrif á skólasamfélagið sitt með virkri þátttöku í leik og starfi</li> <li>• tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt með stuðningi</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það</li> <li>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði af efla og byggja upp sjálfsmynd sína</li> <li>• unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla</li> <li>• gert sér grein fyrir eigin hlutverki sínu í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum</li> <li>• hafi á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með þátttöku í leik og starfi</li> <li>• tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt</li> </ul>
<b>NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA</b>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þekkt mismunandi upplýsingaveitur og hvaða möguleika þær gefa</li> <li>• notað miðla sjálfstætt við hugmyndavinnu og kynningu efnis</li> <li>• sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga og verið meðvitaður um gildi ábyrgðar netnotkunar</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað fleiri en eina upplýsingaveitu við upplýsingaöflun og borið saman upplýsingar</li> <li>• notað margvíslega miðla við öflun gagna og til stuðnings við nám</li> <li>• sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga, hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu, og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun gagna og til stuðnings við nám</li> <li>• notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda</li> <li>• sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð</li> </ul>
<b>ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI</b>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og sýnt þá í námi og verki</li> <li>• sett sér markmið og náð þeim með stuðningi</li> <li>• nýtt sér hæfniviðmið með stuðningi</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein styrkleikum sínum og getur nýtt sér þá í námi</li> <li>• sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim að mestu leyti</li> <li>• skipulagt með leiðsögn eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi</li> <li>• sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim</li> <li>• skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár</li> </ul>

## Viðmið um lykilhæfni fyrir Hafnarfjörð

Ath! **Rauður** og **blár** litur eru til að auðvelda samlestur hæfniviðmiða milli árganga

### 8. -10. bekkur: Lykilhæfniviðmið Hafnarfjörður

Lykilþáttur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur AÐALNÁMSKRÁ
TJÁNING OG MIÐLUN	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð hugsanir sínar, hugmyndir, upplýsingar og tilfinningar með ýmsum miðlum</li> <li>myndað sér skoðun og tjáð sig um hinar ýmsu upplýsingar og hugmyndir í skoðanaskiptum</li> <li>notað hugtök sem tengjast umfjöllun og tjáð sig í skýru máli</li> <li>talað fyrir framan hóp um málefni, útskýrt og sagt frá</li> <li>notað fjölbreyttar aðferðir í kynningum og sýnt vandvirkni við að miðla þekkingu sinni</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð hugsanir sínar, hugmyndir, upplýsingar og tilfinningar af nokkru öryggi með fjölbreyttum leiðum</li> <li>myndað sér skoðun og tjáð sig um hugmyndir og upplýsingar sem upp koma, tekið þátt í skoðanaskiptum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt</li> <li>fjallað um ólík viðfangsefni af öryggi og beitt orðaforða og hugtökum sem hæfir efnisvali</li> <li>talað af öryggi fyrir framan hóp um málefni og á viðeigandi hátt</li> <li>notað fjölbreyttar aðferðir í kynningum og sýnt öryggi og vandvirkni við að miðla þekkingu sinni</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>tjáð hugsanir sínar, hugmyndir, upplýsingar og tilfinningar á skipulegan og viðeigandi hátt</li> <li>brugðist með rökum við upplýsingum og hugmyndum sem eru á margvíslegu formi, tekið þátt í rökræðum um viðfangsefni og rökstutt mál sitt af yfirvegum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða</li> <li>rætt á viðeigandi og skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælenda sé vakinn</li> <li>notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margs konar umfjöllunarefni</li> <li>nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni</li> </ul>
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>spurt spurninga og notað mismunandi leiðir við efnistöð og úrvinnslu verkefna</li> <li>sett sér viðmið með leiðsögn sem eru raunhæf til árangurs</li> <li>notað skapandi leiðir við lausn verkefna og að mistök geta leitt til nýrra lausna</li> <li>gagnrýnt gefnar upplýsingar með rökum</li> <li>fjallað af gagnrýni um afmörkuð viðfangsefni og kynnt öðrum</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>spurt spurninga og farið fjölbreyttar leiðir við efnistöð og úrvinnslu verkefna</li> <li>sett sér skilgreind viðmið um árangur</li> <li>beitt gagnrýni og skapandi hugsun við úrlausn verkefna á uppbyggilegan hátt</li> <li>gagnrýnt gefnar upplýsingar með rökum og dregið ályktanir</li> <li>fjallað af gagnrýni um mismunandi viðfangsefni út frá ólíkum sjónarhornum</li> </ul>	<p><b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>spurt rannsakandi spurninga, skipulagt eigin áætlun og endurskoðað ferli við efnistöð og úrvinnslu verkefna</li> <li>skilgreint og rökstutt viðmið um árangur</li> <li>verið óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika</li> <li>tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu</li> <li>beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt</li> </ul>



<b>SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA</b>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið mikilvægi sjálfstæðra vinnubragða og frumkvæðis í námi</li> <li>• gert sér grein fyrir sterkum hliðum sínum og beitt þeim í námi og starfi samhliða því að rækta jákvæða sjálfsmýnd</li> <li>• unnið í hóp og tekið þátt í jákvæðum samskiptum við aðra í námi og félagsstarfi</li> <li>• verið virkur og fengið aðra til samstarfs</li> <li>• tekið gagnrýni og gefið uppbyggjandi gagnrýni</li> <li>• skilið hvað felist í að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðissamfélagi</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt frumkvæði í námi sínu og sjálfstæði í vinnubrögðum</li> <li>• nýtt sér aðferðir til að efla sterkar hliðar sínar og byggja upp jákvæða sjálfsmýnd</li> <li>• unnið í hóp og tekið þátt í jákvæðum samskiptum í námi og félagsstarfi</li> <li>• verið virkur og skilið ábyrgðina við að vera þátttakandi í samfélagi</li> <li>• tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og sett eigin gagnrýni fram á sanngjarnan máta</li> <li>• útfært og tekið þátt í samfélagsverkefni með öðrum á lýðræðislegan hátt</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum</li> <li>• gert sér grein fyrir hvernig hann nýtir styrkleika sína og hefur skýra sjálfsmýnd</li> <li>• unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla</li> <li>• verið leiðandi í samstarfi og borið ábyrgð á útfærslu leiða að sameiginlegum markmiðum</li> <li>• tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram</li> <li>• nýtt hæfni sína til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi</li> </ul>
<b>NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA</b>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tamið sér gagnrýni á mismunandi upplýsingar sem nýttar eru í námi</li> <li>• gert sér grein fyrir hvaða miðill hentar við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda í námi sínu</li> <li>• skilið hvað felist í siðferðislegri ábyrgð í notkun miðla og nefnt dæmi um slíkt</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tamið sér gagnrýni á mismunandi upplýsingar og skilji hvað felst í ábyrgri notkun upplýsinga við eigið nám</li> <li>• notað fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda</li> <li>• notað heimildir og upplýsingar á siðferðislega verjandi hátt í námi, í eigin lífi og á rafrænum samskiptamiðlum</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga í tengslum og til stuðnings við nám sitt</li> <li>• notað sjálfstætt og í samvinnu við aðra fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun og framsetningu og upplýsinga og hugmynda</li> <li>• sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda og verið meðvitauður um siðferðislegt gildi ábyrgar netnotkunar og tekur ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum</li> </ul>
<b>ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI</b>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir sterkum hliðum sínum og hvernig þær hafa áhrif á sjálfsmýnd manns</li> <li>• skilið tilgang markmiða og lagt fram vinnuferli til að fylgja þeim eftir</li> <li>• fylgt eftir hæfniviðmiði frá upphafi til enda með leiðsögn</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt sér sterkar hliðar sínar til að styrkja sjálfsmýnd sína með einföldum aðferðum</li> <li>• útfært markmið, fylgt þeim eftir og lagt mat á það í lokin hvernig til tókst</li> <li>• lagt mat á árangur sinn í námi og endurskoðað markmið sín með hliðsjón af viðmiðum</li> </ul>	<b>Við lok skólaárs getur nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmýnd</li> <li>• sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist</li> <li>• skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri</li> </ul>